

Nr. 6.
8. maí.

Opið brjef

um

að almennar kosningar til alþingis skuli fara fram.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að lög nr. 41, 20 október 1905 hafa fært til daginn, er hið reglulega alþingi á að koma saman, frá 1. júlí til 15. febrúar, og með því að 3 regluleg þing hafa þegar verið haldin á yfirstandandi kjörtímabili, en það er eigi út runnið fyr en 30. júní 1909, þá höfum Vjer ákveðið, að almennar kosningar til alþingis skuli fara fram 10. dag septembermán. þ. á.

Vjer höfum enn fremur lagt fyrir Íslandsráðherra Vorn að birta kjósendunum áður en kosningar þessar fara fram frumvarp til laga um ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands, er nefnd sú, er skipuð var 30. júlí 1907, hefur samið, svo að kjósendum veitist kostur á við kosningarnar að gefa til kynna afstöðu sína gagnvart þessu frumvarpi, er Vjer viljum láta leggja fyrir alþingi eptir að nýjar kosningar til þess hafa fram farið.

Fyrir því bjóðum Vjer hjer með og skipum allramildilegast fyrir, að almennar kosningar til alþingis skuli haldnar 10. dag septembermánaðar þ. á.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 8. maí 1908.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Aabent Brev

Nr. 6.
8. Maj.

angaaende

Udskrivning af et almindeligt Valg af Medlemmer til Altinget.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Da Lov Nr. 41 af 20. Oktober 1905 har forandret Tiden for det ordentlige Altings Sammentræden fra 1. Juli til 15. Februar og da det nuværende Alting, for hvilket Valgtiden først udløber den 30. Juni 1909, alt har været samlet til 3 ordentlige Samlinger, have Vi besluttet at der den 10. September d. A. skal afholdes et almindeligt Valg til Altinget.

Vi have derhos paalagt Vor Minister for Island forud for dette Valg at bekendtgøre for Vælgerne et af den under 30. Juli 1907 nedsatte Kommission udarbejdet Forslag til Lov om det statsretlige Forhold mellem Danmark og Island, for at Vælgerne gennem Valgene kunne tage Standpunkt til dette Lovforslag, som det er Vor Vilje at lade forelægge Altinget efter at nye Valg til samme ere foretagne.

Thi byde og befale Vi herved allernaadigst, at der den 10. September d. A. bliver at afholde et almindeligt Valg af Medlemmer til Altinget.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 8. Maj 1908.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.